

Ed.

306. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fimm fundum í tengslum við frv. um vörugjald og frv. um breyting á tollalögum eins og gerð er grein fyrir í nefndaráliti meiri hl. um síðastnefnda frumvarpið.

Nefndinni bárust ábendingar frá ýmsum aðilum um nauðsyn þess að reglur yrðu settar um það með hvaða hætti erlendir ferðamenn gætu fengið söluskatt niðurgreiddan við brottför eins og víða tíðkast erlendis. Ekki síst hefur verið nefnt í því sambandi að ullariðnaðurinn geti haft af því mikinn ávinning. Til þess að taka af tvímæli er lagt til að ákvæði um heimild til fjármálaráðherra til að gefa út slíkar reglur sé bætt við 7. gr. laganna og leggur meiri hl. nefndarinnar áherslu á að þeirri heimild verði beitt.

Samkvæmt 4. tölul. breytingartillagnanna er lagt til að ákvæði II. kafla bráðabirgðalaga nr. 68/1987, um ráðstafanir í fjármálum, en kafla þessi fjallar um sérstakan söluskatt, verði bætt við lögum. Að mati meiri hl. nefndarinnar er breyting þessi eðlileg í ljósi þess hve skattheimta þessi er náskyld söluskattsinnheimtunni að öðru leyti en að því er varðar skatt- hlutfall.

Breytingartillagan skv. 4. tölul. felur í sér þá efnisbreytingu á gildandi lagaákvæðum um sérstakan söluskatt að skatthlutfallið er hækkað úr 10% í 12%. Hækkun skatthlutfallsins er í samræmi við þau áform ríkisstjórnarinnar í tekjuöflunarmálum ríkissjóðs á næsta ári sem kynnt eru bæði í frumvarpi til fjárlaga og greinargerð með því frumvarpi sem hér er til afgreiðslu.

Tillagan felur ekki í sér breytingu á þeim reglum sem nú gilda um innheimtu sérstaks söluskatts að öðru leyti en því að reynt er að afmarka skattskyldusviðið á nákvæmari og skýrari hátt en gert er í lögum nr. 68/1987.

Breytingartillögur þær, sem er að finna í 1., 2. b–c, 5. og 6. lið breytingartillagnanna, eiga allar rætur sínar að rekja til þeirrar breytingartillögu sem um ræðir í 4. tölul. og þarfnast þær ekki frekari skýringa.

Vegna breytinga, sem gerðar hafa verið á tollskrárnúmerum í frumvarpi því til breytinga á tollalögum, sem er til meðferðar samhliða þessu frumvarpi og átt hafa sér stað eftir að þetta frumvarp var samið, er nauðsynlegt að breyta tilvitnunum í tollskrárnúmer í samræmi við þær vegna undanþeginna fiskvinnslutækja. 2. tölul. breytingartillagna, a-liður, lýtur að þessu.

Í 3. tölul., b-lið, er að finna ákvæði um heimild til þess að undanþiggja söluskatti greiðslur vegna fjármögnunar- eða kaupleigu á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar. Undanþága þessi er í samræmi við gildandi reglur.

Í 3. tölul., a-lið, breytingartillagnanna felst aðeins leiðrétting á villu og mistökum sem urðu við samningu frumvarpsins og prentun.

Alþingi, 16. des. 1987.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.